



ÖLGERÐIN AF ÁBYRGÐ





EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Fyrirtækið	7
Markaðurinn	18
Samfélagið	23
Umhverfið	27
Lokaorð	33

INNGANGUR

Það eru margar ástæður fyrir því að fyrirtæki ættu að einbeita sér að samfélagsábyrgð. Við hjá Ölgerðinni trúum því að starfsmenn sýni meiri hollustu við fyrirtæki sem sýnir ábyrgð í verki. Við trúum því einnig að viðskiptavinir sýna fyrirtækjum meiri hollustu sem sýna samfélagsábyrgð í störfum sínum og hegðun. Ölgerðin hefur, í þau rúmlega 100 ár sem fyrirtækið hefur starfað, verið ábyrgt í sínum rekstri en frá árinu 2013 höfum við unnið markvisst að samfélagsábyrgð. Áhersla hefur verið lögð á að sú vinna sé samofin menningu Ölgerðarinnar. Lágmarkun notkunar auðlinda, hollari vörur, minni neysluskammtar, öryggi á vinnustað, virðing fyrir lögum og reglum og svo ótal margt annað mótar starf okkar á hverjum degi.

Fyrirtækið hefur haldið áfram að vaxa og dafna, aukin fjöldi ferðamanna leiðir til aukinnar neyslu og við höfum mætt því. Fjöldi starfsmanna hefur haldið áfram að aukast og eru nú um 400 starfsmenn starfandi hjá fyrirtækinu. Stöðugar umbætur, gildin okkar, nútíma stjórnunaraðferðir, stöðluð vinnubrögð svo eitthvað sé nefnt hafa gert okkur fær um að takast á við hraðan vöxt þó að honum fylgi alltaf einhverjir vaxtarverkir.



Okkur hlakkar til að takast á við verkefnið sem munu fylgja breyttu samfélagi á næstu árum, þar sem umhverfisvernd, dýravernd og heilsufar munu hafa meira vægi í ákvörðunum neytanda. Ölgerðin er hluti af Global Compact sáttmálanum og mun halda áfram að vinna að honum.

Þetta er fjórða skýrslan okkar um samfélagsábyrgð fyrirtækisins og stolt okkar vex með hverri skýrslu.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar

Starfsánægja
mældist að meðaltali
89% árið 2016


77%
markmiða úr fyrri
skýrslu náð

41%

fjöldun viðskiptavina
í vefverslun




VIÐ STÓÐUM OKKUR VEL ÁRIÐ 2016

301
umbótaverkefni

voru kláruð á árinu

Matarsóun minnkaði
því sem samsvarar
heilum fíl



807 klst.


132%

1.875 klst.


aukning í fræðslustundum

ÞRÓUN VELTU


í milljónum




HLUTFÖLL Í REKSTRI



LYKILTÖLUR 2016




EBITDA




SKATTSPOR

í milljónum



HLUTFALL AF HEILDARVELTU



FYRIRTÆKIÐ

Ölgerðin er rótgróið fyrirtæki sem byggir á áralöngum hefðum og venjum sem löngu eru orðnar hluti af íslenskrri menningu. Fyrirtækið hefur gengið í gegnum miklar breytingar og er stöðugt að stækka og auka framboð af vöru og þjónustu. Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til þess að sú sýn verði að veruleika þurfa að eiga sér stað stöðugar umbætur til að mæta þörfum stækkandi hóps viðskiptavina. Ölgerðin verður að vera feti framár í samkeppni sinni við önnur fyrirtæki.

Árið 2016 héldu áfram vikulegir fundir þar sem hver eining innan fyrirtækisins hittist og setti sér markmið sem tengdust heildarmarkmiði fyrirtækisins fyrir ákveðið tímabil. Á þann hátt gat allt fyrirtækið í heild sinni tekist á við stór verkefni í sameiningu.

Hugtakið V.1 stendur fyrir fyrsta val viðskiptavina og neytenda eða viðskiptavinurinn í fyrsta sæti. Sett hefur verið upp myndrænt hvaða aðferðum eða leiðum Ölgerðin vill beita til að ná því markmiði. Starfsmönnum stendur til boða að sækja V.1. skóla Ölgerðarinnar þar sem farið er yfir aðferðir til að minnka sóun og auka ánægju viðskiptavina. Skólinn hefur verið starfandi í 2 ár við góðar undirtektir. Umbótarverkefnum hefur fjölgað milli ára en í ár voru þau 301 talsins.



STARFSÁNÆGJA

Ánægja starfsmanna er eitt af fjórum aðalmarkmiðum Ölgerðarinnar. Starfsánægja getur haft áhrif á starfsmannaveltu og framleiðni innan fyrirtækis og því mikilvægt markmið.

Starfsánægja er mæld reglulega og vel fylgst með þróun hennar. Unnið er með niðurstöður mælinga og úr tillögum starfsmanna að úrbótum. Niðurstöður mælinga eru birtar og kynntar starfsmönnum sem og markmið fyrirtækisins.


Starfsánægja er mikilvægur þáttur í að halda góðu starfsfólki, þjálfa það upp og byggja þannig enn frekar upp dýrmætan þekkingarbrunn og mannauð. Með vel þjálfuðu starfsfólki, sem veitir framúrskarandi þjónustu, mun Ölgerðin ná framtíðarmarkmiði sínu um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda.

Markmið Ölgerðarinnar er að starfsánægja mælist yfir 85%. Árið 2016 mældist hún að meðaltali 89% en árið áður 86%. Því náðist markmiðið og starfsánægjan jókst milli ára.

Markmið 2016 var að auka þátttöku í starfsánægjukönnunum frá 160 upp í 200. Þetta markmið náðist og var meðalsvörunin 219 starfsmenn.

Mikilvægt er að starfsmenn fái svigrúm til að þróast og bæta sig í starfi. Ölgerðin leggur sig fram í að veita fólki tækifæri til að sækja námskeið og aðra fræðslu. Góðir stjórnendur geta aukið starfsánægju í fyrirtækjum. Því er mikilvægt að stjórnendur Ölgerðarinnar fái mat á frammistöðu og hafi tækifæri á því að bæta stjórnenda hæfileika sína. Markmið fyrir árið 2017 er að gefa starfsmönnum þann sveigjanleika sem þeir þurfa til að eflast sem stjórnendur.

Starfsánægja



Ölgerðin hefur stutt við kjarabaráttu og félagafrelsi starfsmanna frá því að fyrirtækið var stofnað 1913. Ölgerðin vinnur eftir Global Compact viðmiðum en þar segir fyrir um afnám barna-, nauðungar- og þrælkunarvinnu. Auðvitað tekur Ölgerðin mið að því og gerir skriflegan ráðningarsamning við alla starfsmenn í upphafi þar sem tilgreind eru laun, kröfur og vinnutími.

Ölgerðin ræður aldrei börn undir 16 ára aldri til vinnu og velur sér birgja sem sjálfir tryggja þessi viðmið.

HAGSMUNAAÐILAR

Við mat á samfélagsábyrgð er mikilvægt að skilgreina hlutverk lykilhagsmunaaðila fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni skiptast þeir í sjö hópa: Samstarfsaðilar, eigendur, viðskiptavinir, starfsmenn, stjórnvöld, neytendur og birgjar sem og þjónustuaðilar. Ölgerðinni er það afar mikilvægt að veita öllum sínum hagsmunaaðilum áheyrn og virkja þá til samvinnu.

Þessi hópar eru taldir upp sem lykilhagsmunaaðilar fyrirtækisins en að sjálfsgöðu vinnur Ölgerðin einnig með hagsmunaaðilum á borð við háskólasamfélaginu, samkeppnisaðilum og félagsamtökum til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.



Landspítalinn og maltið

Einhverjar hatrömmustu kjaradeilur Íslandssögunnar voru sex vikna verkfall Dagsbrúnar og lóju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík. Verkfallið hafði lamandi áhrif á flestum sviðum atvinnulífsins og harkan var mikil. Þó var veitt undanþága frá verkfallinu til að tryggja að spítalar og aðrar heilbrigðisstofnanir fengju maltöl fyrir sjúklinga sína. Maltölið mátti ekki vanta.

Heilbrigðisstofnanir voru frá upphafi stór viðskiptavinur Ölgerðarinnar, enda þótti maltölið flestra meina bót. Þar á meðal var Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi. Þótt holdsveiki sé raunar einn minnst smitandi sjúkdómur sem þekkest, óttaðist almenningur hann mjög. Sá orðrómur komst á kreik að varasamt gæti verið að drekka öl úr flöskum sem áður kynnu að hafa verið sendar á hælið. Til að róa neytendur fékk Ölgerðin Landlækni árið 1914 til að votta að hreinsunin á flöskunum væri eftir ströngustu reglum og engin hætta á smiti.





NÚLLSLYSASTEFNA

Öryggi starfsmanna er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliðabjálfun, tækjakosti, aðbúnaði og verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys. Hjá Ölgerðinni er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys verða eru þau skráð, greind og úrbætur gerðar á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á næstum því slysum þar sem starfsmenn skrá tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.

Síðasta ár fjölgaði vinnustundum frá vinnu vegna slysa. Markmið Ölgerðarinnar er að starfsmenn komist heilir heim og verður því lögð aukin áhersla á öryggisvitund og öryggisúttektir á næsta ári. Auk þess verða öryggismál reglulega rædd og gögn birt um framgang.

Að ná og viðhalda núllslysastefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál vera í brennidepli fyrirtækisins áfram.

Fjöldi vinnustunda frá vinnu vegna slysa





SAMSKIPTI

Mikilvægt er að allir starfsmenn séu vel upplýstir um rétt sinn, markmið og starfsemi Ölgerðarinnar hverju sinni. Þetta er lykilatriði í þeim góða árangri sem náðst hefur. Það er ekki síður mikilvægt að starfsmenn þekki rétt sinn og viti hvert þeir eigi að leita ef eitthvað kemur upp, hvort sem það er í starfi eða einkalífi.

Unnið er markvisst að því að starfsmenn séu vel upplýstir hvort sem við á almennar fréttir, fréttir um Ölgerðina, nýjar vörur, viðburði, verðlaun, heimsóknir birgja, réttindi starfsmanna eða annað sem við kemur starfsmönnum fyrirtækisins á beinan eða óbeinan hátt.

Hver deild innan fyrirtækisins hittist á stuttum 30 mínútna fundi í hverri viku og fer yfir markmið deildarinnar og greinir nýliðna viku ásamt því að skipuleggja umbótaverkefni. Þessir fundir kallast V.1 fundir og eru til þess að allir starfsmenn viti hvernig þeir standa gagnvart markmiðum Ölgerðarinnar hverju sinni og hafi allar upplýsingar sem þeir þurfa til að geta unnið starf sitt.

Á hverjum föstudegi eru haldnir upplýsingafundir þar sem u.þ.b. 70 manns hittast á stuttum 30 mínútna fundi og miðla upplýsingum. Fréttir birtast starfsmönnum einnig á innrannetinu eða á skjám, í tölvupósti, á öðrum fundum eða í JÁ fréttum og fréttablaði Ölgerðarinnar sem er gefið út þrisvar sinnum á ári og sent í pósti heim til allra. Árlega er haldinn vinnufundur sem allir starfsmenn sækja og kallast JÁ dagurinn.

JAFNLAUNASTEFNA

Ölgerðin uppfyllir skilyrði um að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir sömu, jafn verðmæt og sambærileg störf. Þannig er ekki til staðar kynbundinn launamunur hjá fyrirtækinu. Ölgerðin hefur hlotið jafnlaunavottun VR.



Markmið stefnunnar er að koma í veg fyrir kynbundinn launamun og að Ölgerðin sé eftirsóttur vinnustaður í huga allra.

Ráðningar, laun og önnur umbun byggir ekki á grundvelli kynferðis, kynþáttar, stjórnmalaskoðanna eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Við ráðningu á nýjum starfsmanni er við ákvörðun launa tekið mið af kröfum sem starfið gerir með tilliti til ábyrgðar, álags og sérhæfni.

Til að mæla hlítinu við stefnuna er gerð launaúttekt á eins árs fresti, þar sem borin eru saman jafn verðmæt störf og innri úttektir framkvæmdar. Árlega er farið yfir gildandi lög og reglugerðir um jafnlaunamál og staðfest á fundi hlitni við lög. Þannig skuldbindur Ölgerðin sig til að bregðast við frábrigðum og vinna þannig að viðhaldi jafnlaunakerfis með umbótum og eftirliti.

JAFNRÉTTI OG JAFNLAUN


Það er stefna Ölgerðarinnar að fyllsta jafnréttis sé gætt óháð aldri, kyni, kyn-gervi, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni, litarhafti, trú eða stjórnmalaskoðun. Hver starfsmaður er metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum.

Markmið okkar er að Ölgerðin sé eftirsóttur vinnustaður í huga allra. Við viljum stuðla að því að jafna kynjahlutföll í starfshópum og að Ölgerðin sé vinnustaður þar sem starfsmenn geta samræmt vinnu og einkalíf.

Það er okkar ætlun að auglýsingar og markaðsstarf Ölgerðarinnar endurspegli nútímalega sýn um jafna stöðu kvenna og karla í íslensku samfélagi.

Til að ná markmiðum okkar mælum við reglulega árangur í jafnréttismálum. Í því árangursmati felst m.a. markviss rýni á laun út frá kyni og mæling á kynjahlutföllum í starfshópum.

Kynjaskipting



Stjórnendur Ölgerðarinnar gera sér grein fyrir því að fyrirtækið getur enn jafnað kynjahlutföllin og vinnur því að því að jafna þetta hlutfall í öllum deildum fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni er til að mynda starfað eftir aðgerðaráætlun um framkvæmd jafnréttisstefnu, sem gerð er til tveggja ára hverju sinni og er endurskoðuð árlega.

HEILSA

Í mars mánuði á hverju ári er haldin heilsu- og öryggisvika hjá Ölgerðinni.

Markmið þessa viðburðar er að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi, hvort sem er í starfi eða leik. Vikan er samsett af fjölda viðburða, fyrirlestra, námskeiða, keppna, jóga og hollt mataræði er í fyrirrúmi. Reynt er að hafa fyrirkomulag þannig að sem flestir starfsmenn geti nýtt sér dagskrána. Allir starfsmenn nýttu sér þetta á einn eða annan hátt, í formi viðburða, heilsu matseðils eða annarrar þjónustu. Dagskráin var byggð upp svo allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi.

Starfsmönnum Ölgerðarinnar hefur staðið það til boða að nýta sér líkamsræktarstyrk til að niðurgreiða kostnað vegna líkamlegrar heilsu. Árið 2016 varð sú breyting gerð að hægt er að nota styrkinn einnig til að niðurgreiða kostnað vegna andlegrar heilsu.

HEILSUVERND

Ölgerðin er með samning við Heilsuvernd sem er viðurkenndur heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar. Þjónustuþættir Heilsuverndar fela í sér fjarveruskráningar og ráðgjöf til starfsmanna, þjónusta trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjónustu, auk annarrar þjónustu.

Hlutverk Heilsuverndar er m.a. að skrá veikindi og vera starfsmönnum innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála. Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvert skal leita innan heilbrigðiskerfisins en starfsmenn leita áfram til sinna heimilislækna eða annarra lækna vegna meðferðar.

Með skráningunni fæst yfirlit yfir fjarvistir starfsmanna, deilda og fyrirtækisins í heild með möguleikum um samanburð milli deilda og annarra fyrirtækja.

Skráningin getur þannig nýst sem tæki til greiningar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum og stuðlað að markvissari skipulagningu annarrar heilsuverndar starfsmanna.

WOW CYCLOTHON

Ölgerðin tók þátt í hjólréiðakeppni WOW hringinn í kringum landið með 10 manna lið. Liðið hjólaði samtals 1358km en keppnin er stærsta götuhjólréiðakeppni á Íslandi. Mikill undirbúningur hjá liði sem öðrum átti sér stað fyrir keppnina. Vélstjórar Ölgerðarinnar smíðuðu hjólagrind á kerru fyrir liðið og Gatorade styrkti liðið til þátttöku. Liðið samanstóð af keppendum víðs vegar um fyrirtækið eða úr framleiðslu, rannsókn, vöruhúsi og frá Mjöll Frigg.





ÞJÁLFUN OG ENDURMENNTUN

Starfsmenn Ölgerðarinnar eru dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Þeir sjá ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það þeirra dugnaður og áræðni sem sér til þess að viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa verslað vörur fyrirtækisins með bros á vör í yfir hundrað ár. Það er því mikið kappsatriði fyrir Ölgerðina að sjá til þess að starfsmönnum fyrirtækisins líði vel við störf sín og að þeir vaxi og dafni í takt við árangur Ölgerðarinnar. Einn mikilvægasti þátturinn í þessari vinnu er að sjá til þess að starfsmenn njóti góðrar þjálfunar og góður árangur í starfi skili sér í aukinni ábyrgð og umbun innan fyrirtækisins. Ölgerðin leggur mikla áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri á að njóta framgangs í starfi og vinnur markvisst að því að þjálfa upp ábyrga og metnaðarfulla starfsmenn.

ÖLGERÐARSKÓLINN

Allir nýir starfsmenn fara í gegnum Ölgerðarskólann. Í skólanum er farið yfir kynningu á fyrirtækinu og fyrir hvað við stöndum. Forstjóri og stjórnarformaður fara yfir sögu fyrirtækisins og rekstur og framkvæmdastjórar kynna sín svið. Frá árinu 2012 hafa 465 nemendur farið í gegnum skólann og á árinu 2016 útskrifuðust 153 nýir ölgerðarstarfsmenn úr Ölgerðarskólanum.

153 starfsmenn

útskrifuðust úr Ölgerðarskólanum



FRÆÐSLA OG SÍMENNT

Lögð er áhersla á að starfsfólk fái tækifæri til að vaxa og dafna í starfi. Mikilvægt er að starfsólk geti fylgst með þegar ný störf losna innan fyrirtækisins og geti þannig sóst eftir því að breyta til, þroskast og eflast. Hjá Ölgerðinni er boðið upp á fjölbreytt námskeið innanhúss. Árið 2016 voru haldin 37 námskeið sem 974 sátu.

STARFASKIPTI

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til að bæta þjónustu. Til þess að efla skilning á störfum hvers annars þá er farið í starfaskipti þar sem starfsmenn heimsækja aðrar deildir og eyða a.m.k. hálfum degi með starfsmönnum á öðrum vinnustöðvum og læra af þeim. Þegar nýir starfsmenn hefja störf fara þeir oft í starfaskipti sem er góð leið til að læra fljótt á starfseminum og kynna fólk. Árið 2016 fóru 20 starfsmenn í starfaskipti en næsta ár viljum við gera mun betur og er markmiðið að 100 starfaskipti fari fram á árinu 2017.



Gildi Ölgerðarinnar voru sett upp fyrir nokkrum árum af starfsmönnum Ölgerðarinnar.



Gildin eru lýsandi fyrir menningu Ölgerðarinnar og marka ákvarðanir fyrirtækisins og hegðun.

JÁKVÆÐNI

Okkur finnst gaman í vinnunni og erum jákvæð í garð breytinga

Við viljum hafa gott umhverfi og sýna hvert öðru skilning

Við notum öll tækifæri til að fagna sigrum í öllum deildum fyrirtækisins

Við erum ein liðsheild og allir leggja sitt af mörkum til að ná markmiðum fyrirtækisins

Við sýnum samstarfsfólki okkar virðingu

ÁREIÐANLEIKI

Við erum með rétta vöru, á réttum stað, í réttu magni og á réttum tíma

Við stöndum við orð okkar

Við gerum mistök eins og aðrir en lærum af þeim

Allar vörur okkar eru fyrsta flokks og því verður aldrei fórnað

Allt er gæði. Við gætum trúnaðar í meðhöndlun upplýsinga

Við höfum hugrekki til að taka á vandamálum áður en þau verða of stór og viðurkennum mistök

HAGKVÆMNI

Við leitum alltaf hagkvæmustu leiða í innkaupum, framleiðslu og fjárfestingum

Við sýnum ábyrgð og frumkvæði til að bæta reksturinn

Til að lifa af þarf fyrirtækið að vaxa hraðar en samkeppnisaðilar

Við berum virðingu fyrir vinnu-umhverfi okkar og tækjum

FRAMSÆKNI

Við sýnum frumkvæði og þorum að taka áhættu þegar það á við

Við ætlum alltaf að vera feti framfarir í þjónustu, nýjungum og vöruúrvali

Við búum yfir krafti, metnaði og eldmóði sem samkeppnisaðilar hræðast

Við erum fljót að taka ákvarðanir og látum hlutina gerast

Við hugsum alltaf án takmarkana



JÁ DAGURINN

Árlega er haldinn vinnufundur sem allir starfsmenn Ölgerðarinnar sækja, svokallaður JÁ dagurinn. Á JÁ deginum eru starfsmenn upplýstir um rekstur og stöðu fyrirtækisins, farið yfir nýjungar, stefnur og strauma.

Samkeppnisforskot Ölgerðarinnar felst í þekkingu og mannaúði og er hluti JÁ dagsins notaður í teymisvinnu þar sem starfsmenn vinna saman við að leita leiða til umbóta.

MARKMIÐ 2017

1

Starfaskipti er þáttur í því að starfsfólk öðlist þekkingu á starfsemi þvert á deildir, markmið er að 100 starfaskipti verði framkvæmd árið 2017

2

Gera úttekt á fræðsluþörf fyrirtækisins

3

Markmið að hafa árið 2017 slysaust

4

Markmið að starfsánægja sé yfir 85%

5

Markmið fyrir árið 2017 er að gefa starfsmönnum þann sveigjanleika sem þeir þurfa til að eflast sem stjórnendur

MARKAÐURINN

Ölgerðin framleiðir og selur mikið að vörum bæði á Íslandi sem og erlendis. Fyrst og fremst skiptir máli að Ölgerðin framleiði framúrskarandi vörur sem standast væntingar neytenda hverju sinni. Því er hugsunin um gæði samofin öllu starfi fyrirtækisins sem starfar eftir vottuðu gæðakerfi. Allir birgjar Ölgerðarinnar fara í gegnum birgjamat til að tryggja að þeir standist kröfur Ölgerðarinnar um gæði og samfélagsábyrgð. Ölgerðin vill starfa með virkum og ábyrgum neytendum og tekur tillit til allra athugasemda sem fyrirtækinu berast.

Samskipti við markaðinn er einnig stór hluti af starfsemi fyrirtækisins og því er nauðsynlegt að þar séu við höfð ábyrg vinnubrögð. Samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar í markaðsmálum snertir stóran hluta starfsemi fyrirtækisins og því er mikilvægt fyrir fyrirtækið að huga bæði að því að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem vörur, sem framleiddar eru í nafni Ölgerðarinnar, hafa á neytendur sína og auka jákvæð áhrif. Þetta á sérstaklega við ef talið er að vörurnar geti höfðað til berskjaldaðra hópa á borð við börn og unglinga. Að sama skapi þykir mikilvægt að bjóða neytendum upp á umhverfisvænni vörur.

Hluti af vörum Ölgerðarinnar geta haft neikvæð áhrif á heilsu fólks sé þeim neytt í óhófi. Því setur fyrirtækið ströng skilyrði um að þær skuli vera merktar með skýrum innihaldslýsingum. Markmið fyrir árið 2017 er að koma innihaldsupplýsingum og næringagildum söluvara inn á vefverslun Ölgerðarinnar.



VEFVERSLUN

Vefverslun Ölgerðarinnar fór formlega í loftið á 100 ára afmæli Ölgerðarinnar árið 2013 og náði flugi ári síðar með kynningum á notagildi verslunarinnar fyrir viðskiptavinum og sölumenn.

Innleiðing á vefverslun hjá Ölgerðinni hefur tvöns konar áhrif á sölustarfið.

Í fyrsta lagi hafa sölumenn notað vefverslunina sem nýtt stöðtæki til að hjálpa til við sölu sem viðbót við síma og sölutölvu. Sölumenn geta þá beint þeim viðskiptavinum sem vilja inn á vefverslunina þar sem þeir geta verslað sjálfir. Þannig gefst meiri tími fyrir sölumenn til að einbeita sér að því að auka sölu, kynna nýjungar og mynda betri tengsl við viðskiptavinum.

Í öðru lagi hafa viðskiptavinir meiri sveigjanleika til að gera pantanir, skoða vörur og verð, sjá tilboð og áherslur sem eru í gangi hverju sinni o.s.frv. Einnig getur hann fylgst með stöðu sinni á Mínun síðum en þar er hægt að sjá reikninga, skuldastöðu, vörulista o.fl. Þar með sparar viðskiptavinur sér mikinn tíma sem annars færi í að leita eftir vörum, bíða eftir sölumönnum, hringja símtöl í þjónustuver, ofl. Á vefnum getur viðskiptavinurinn líka fylgst með stöðu á pöntuninni og skoðað eldri pantanir.

Vefverslun Ölgerðarinnar er þungamiðja umbótaverkefna hjá söludeildum en sparnaðurinn snýr fyrst og fremst að því að minnka tímasóun. Sölumenn geta einbeitt sér að því að sinna hverjum viðskiptavinum og hans þörfum.

Áhersla verður lögð á það árið 2017 að setja inn innihaldslýsingar og næringagildi á vefverslun Ölgerðarinnar.

Kristall

Egils Kristall, kolsýrt drykkjarvatn með sítrónubragði, var sett á markaðinn árið 1994. Markaðsmenn Ölgerðarinnar voru með miklar efasemdir og höfðu litla trú á að unnt væri að selja Íslendingum slíkar vörur. Hugmyndin kom frá forstjóranum Jóhannesi Tómassyni og Ágústi Óskari Sigurðarsyni sem komu þessu í framkvæmd. Drykkurinn sló strax í gegn meðal Íslendinga. Síðan þá hafa fjölmargar bragðtegundir af Kristal verið framléiddar.

Árið 2016 var límónu og jarðaberja Kristall framléiddur í fyrsta sinn við góðar undirtektir.



GÆÐASTEFNA

Ölgerðin hefur sett sér gæðastefnu og vinnur eftir gæðakerfi sem er vottað samkvæmt ISO 9001 staðlinum.

Markmið stefnunnar er að tryggja að starfsemi Ölgerðarinnar sé í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins en gæði eru einn mikilvægasti hluti starfsemi okkar. Hugsunin um gæði þarf því að vera samofin öllum aðgerðum fyrirtækisins og ávallt þarf að hafa hag og þarfir neytenda Ölgerðarinnar í huga.

Gæðakerfi Ölgerðarinnar



Gæðastefna Ölgerðarinnar er að:

- Vörur okkar séu ávallt fyrsta flokks og gæðum ekki fórnað
- Vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktu aðferðir á hverjum tíma
- Heildarupplifun viðskiptavina af samskiptum okkar fari fram úr væntingum þeirra
- Starfsemi okkar sé í samræmi við lög og reglugerðir og að við uppfyllum þær kröfur sem gerðar eru til okkar af viðskiptavinum og hagsmunaðilum
- Alltaf sé leitað leiða til umbóta, því við lærum af mistökum og hugsum því án takmarkana

BIRGJAMAT

Birgjamat er eitt helsta vopn Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og hafa jákvæð áhrif á málefni tengd samfélagsábyrgð og umhverfismálum. Þar sem innkaup eru mikilvægur þáttur í starfsemi Ölgerðarinnar þá fara birgjar í gegnum sérstakt stöðumat. Staðlaður spurningalisti er sendur á birgjann og framkvæmdastjóri þeirrar deildar sem vill stofna til viðskipta fer yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar. Þannig er hægt að meta það hvort að birgjar uppfylli kröfur Ölgerðarinnar um gæði sem og samfélagsábyrgð. Birgjamatið hjálpar Ölgerðinni ekki aðeins til að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum heldur er það einnig gott tæki til þess að ýta undir vitundarvakningu um málefni samfélagsábyrgðar hjá þeim sem fyrirtækið verslar við.

ÞRÓUN NEYSLUSKAMMTA OG SYKURLAUSRA DRYKKJA


Ölgerðin er leiðandi í sölu á gosdrykkjum á Íslandi. Gosdrykkir hafa lengi verið í umræðunni vegna sykurinnihalds og umræða og tillögur um einhvers konar skattlagningu til að stemma stigu við gosdrykkjarneyslu hefur oft komið upp. Þessi umræða var nokkuð áberandi á árinu. Sykraðir gosdrykkir innihalda vissulega töluverðan sykur. Þess vegna eru neysluskammtar á þeim vörum í stöðugri þróun og aukin áhersla á að minnka þær einingar. Neyslu þessara vörutegunda þarf að vera stillt í hóf. Gott framboð af minni einingum minnkar líkur á óhóflegri neyslu. Góður árangur hefur náðst á þessu sviði en má þar nefna kríli, gos og Kristal í 0,33l plastflöskum, dósnum og fleira. Hlutfall minni eininga í sykrudrum drykkjum frá Ölgerðinni er sífellt að aukast. Árið 2016 jókst hlutfall minni eininga í sölu í þessum flokki umtalsvert og Ölgerðin mun áfram beina sjónum að þessum þætti í pakkningaþróun árið 2017.

Neysla sykraðra gosdrykkja hefur minnkað mikið. Neytendur velja í sífellt auknum mæli sykurlosa valkosti. Ölgerðin hefur lengi verið leiðandi í sölu á sykurlausum gosdrykkjum og hefur í raun leitt þá þróun á markaðinum. Árið 2016 var engin undantekning. Árið 2002 var þriðjungur gosdrykkja frá Ölgerðinni sykurlausir drykkir. Árið 2016 var helmingur gosdrykkja sykurlaus og er vöxturinn í sykurlausum gosdrykkjum slíkur að ekki er langt í að hlutfallið frá 2002 hafi snúist algjörlega við. Kolsýrt vatn er í dag annar stærsti flokkurinn í gosdrykkjum. Miðað við þróunina verður kolsýrt vatn stærsti flokkur gosdrykkja strax árið 2017.

Ölgerðin er brautryðjandi í þessum flokki og með ráðandi stöðu með vörumerkið Kristal. Vörumerkið er í dag stærsta vörumerki Ölgerðarinnar og þróun á því mun halda áfram næstu árin. Við beinum kröftum okkar fyrst og fremst að frekari pakkningaþróun til að neytendur geti notið kolsýrðs vatns við fjölbreyttari tilefni

Hlutfall sykraðra og sykurlosra gosdrykkja


- Sykurlausir gosdrykkir
- Sykraðir



en eins er líka unnið í beinni vöruþróun. Í lok árs 2016 kom Kristall með nýju bragði, límónu- og jarðaberja. Drykkurinn sló strax í gegn. Okkar loforð er að Kristall er tannvænn drykkur og inniheldur aldrei neitt nema bragðefni í snefilmagni sem búa til ákveðna bragðupplifun. Kristall er því drykkur sem að svarar kalli neytenda um hollari kolsýrða drykki. Eins má nefna að sykurlaust Pepsi eða Pepsi Max hefur verið sá drykkur á gosdrykkjemarkaði sem hefur verið í hvað mestri aukningu. Salan á Pepsi Max jókst mikið í fyrra og hlutdeild þess vörumerkis hefur aldrei verið hærrí. Vöruþróun Ölgerðarinnar á sviði sykurlosra eða sykurminni valmöguleika heldur áfram. 2016 kom nýr safi á markaðinn; Florida Epla og rabbabara.

ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA

Ánægja viðskiptavina skiptir Ölgerðina miklu máli. Mánaðarlega framkvæmir Gallup könnun sem mælir heildaránægju með þjónustu reiknað upp í vísitölu sem er á bilinu 0-100. Meðaltal íslenskra fyrirtækja er 67,7 stig. Árið 2016 var ánægja viðskiptavina Ölgerðarinnar 74,2 stig sem er yfir meðaltali, hins vegar viljum við gera enn betur og er stefna fyrirtækisins að vera yfir 80 stigum, hærra en öll önnur fyrirtæki. Viðskiptavinurinn er ávallt í fyrsta sæti.



ISO 22000 vottun

ISO 22000 staðalinn er alþjóðlegur staðall sem skilgreinir kröfur til stjórnkerfisins fyrir öryggi matvæla.

Með vottuðu stjórnkerfi fyrir matvælaöryggi er HACCP kerfi fyrirtækisins samstillt við alla þætti fyrirtækisins. Í ISO 22000 kerfinu felast ótvíræðar kröfur um þátttöku allra stjórnenda í gæðakerfi fyrirtækisins. Samþættar eru kröfur ISO 9001 með það að markmiði að samræma kröfur til stjórnunar í öllu matvælaferlinu og tryggja þar með öryggi og stöðugleika í framleiðslunni.



MARKMIÐ 2017

- 1 Markmið að auka framboð af hollari valkostum í drykkjavöru
- 2 Markmið að fjölga viðskiptavinum í vefverslun
- 3 Markmið að auka vöruúrval hollari valkosta
- 4 Markmið að auka framboð af minni neyslueiningum
- 5 Markmið að innihaldslýsingar og næringagildi verði aðgengilegar neytendum í vefverslun Ölgerðarinnar



SAMFÉLAGIÐ

Ölgerðin er stór vinnustaður sem hefur starfað í meira en heila öld í sátt við íslenskt samfélag. Ölgerðin finnur til ábyrgðar gagnvart samfélaginu og fyrirtækið er meðvitað um hreyfiaflið sem það hefur í krafti stærðar sinnar og langs starfsaldurs. Ölgerðin styður við bakið á fjölbreyttum verkefnum og félögum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að betra samfélagi fyrir okkur öll. Verkefni sem Ölgerðin styður við tengjast ýmist íþróttum, góðgerðarmálum, menningu og menntamálum og eru þau ýmist studd með fjárframlögum, vörum eða þátttöku starfsmanna.

Áframhaldandi áhersla er á að styðja við samfélagsverkefni sem miða að því að auka hreyfingu barna og ungmenna. Það er bæði gert með fjárveitingum og samstarfsverkefnum með íþróttafélögum og æskulýðsstarfs.


STUÐNINGUR VIÐ ÍPRÓTTAFÉLÖG

Ölgerðin er öflugur styrktaraðili íþróttahreyfinga. Stærsta verkefni ársins 2016 á þeim vettvangi var Pepsideildin sem Ölgerðin hefur verið samstarfsaðili árum saman. Red Bull eitt af innfluttu vörumerkjum Ölgerðarinnar hefur stutt við jaðaríþróttastarf á Íslandi, má þar helst nefna Iceland Winter Games, Klaustursmótið í Motorcross og Enduro. Auk þess hefur Ölgerðin styrkt fjölmargt annað íþróttá- og æskulýðsstarf árið 2016 eins og sjá má í tölonum.

Meðal félaga sem Ölgerðin hefur styrkt eru:

Fylkir - ÍBV - Leiknir Fáskrúðfirði - Skallagrímur - Höttur
Stjarnan - Fjölnir - Mjölínir





SAMSTARF VIÐ MENNTASTOFNANIR

Ölgerðin er í góðu sambandi við menntastofnanir og tekur á móti nemendum víðsvegar af landinu. Síðasta sumar hóf Ölgerðin í samstarf við verkfræðinema í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Ölgerðin leggur mikinn metnað við þetta samstarf enda tengsl atvinnulífsins, menntunar og nýsköpunar mikilvæg allri samfélagslegri þróun.

Nemendur komust í beina snertingu við umfang framleiðslu eða vöruhúss og unnu umbótarverkefni yfir sumarið undir handleiðslu kennara. Niðurstöður verkefnanna voru nýttar og áframhaldandi umbótarvinna fór af stað út frá þeim.

Ölgerðin lagði

94
milljónir

í samfélagsverkefni 2016:

64.000.000

til íþróttá- & æskulýðsmála

20.000.000

til menningarmála

10.000.000

til góðgerðarmála



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Ölgerðin leggur mikið upp úr því að styrkja innviði samfélagsins og stuðla að uppbyggingu þess en fyrirtækið leggur bæði til fjármagn, vinnu starfsmanna og aðstoðar atvinnulaust fólk aftur á vinnumarkaðinn. Eitt af verkefnum ársins 2016 var að styrkja Hjólasyrk um 3 tonn af vatni í sportflöskum fyrir þátttöku þeirra í Wow Cyclothon.

Fleiri verkefni sem Ölgerðin styrki á árinu eru:

Bandalag íslenskra skáta - Björgunarsveitin Kyndill
Félag heyrnarlausra - Geðhjálp - Landssamtök hjartasjúklinga
SÁÁ - Samhjálp - O.fl.

MARKMIÐ 2017

Ölgerðinni er afar umhugað um uppbyggingu bættis samfélags og vill vera virkur þátttakandi í þeirri vinnu. Ölgerðin hefur þá stefnu að það styrktarfé sem til umráða er sé nýtt markvisst til að efla íþróttir, æskulýðsmál, góðgerðamál og menningu.

Hluti af þessu starfi fer fram í gegnum styrki til menningar og fræðslumála en stór hluti þess fer einnig fram í gegnum sjálfbóðaliðastarf eða gjafir á vörum fyrirtækisins þar sem þeirra er þörf.

UMHVERFIÐ

Umhverfismál skipta Ölgerðina miklu máli og koma við sögu í öllu starfi hennar. Stefna fyrirtækisins er að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið og stefna sifjellt að betri árangri í umhverfisvernd í daglegum rekstri fyrirtækisins. Síðustu ár hefur Ölgerðin náð árangri í umhverfismálum. Þetta má rekja til endurnýjunar bílaflotans, minnkunar matarsóunar í mótuneyti, stillingar á kötlum fyrirtækisins og fjölmörg umbótarverkefni hafa beint sjónum að umhverfisvernd.

Ölgerðin tekur þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Síðustu tvö ár hafa farið í kortlagning á kolefnisspori Ölgerðarinnar til að hægt sé að meta og mæla þá þætti sem starfsemin hefur áhrif á.

Stöðugt er unnið að því að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi verndunar umhverfisins í starfi sínu, flokki sorp og forðist alla sóun hráefna og umbúða. Einnig er sifjellt reynt að ná betri árangri í umhverfisvernd í daglegum rekstri fyrirtækisins með því að nota umhverfisvæn efni og minnka notkun umbúða, orku og vatns í starfseminni.



MATARSÓUN Í MÖTUNEYTI MINNKAÐ MILLI ÁRA

Mötuneyti Ölgerðarinnar sér öllum starfsmönnum, um 400 manns, fyrir morgun, hádegis og kvöldmat. Umbótarverkefni var sett af stað til að minnka matarsóun. Allir afgangar voru viktaðir og upplýsingum miðlað til starfsmanna. Einnig voru matardiskar minnkaðir og fólk frekar hvatt til að fá sér tvisvar á diskinn í stað þess að henda mat.



Árið 2015 fóru á hverjum degi að meðaltali 16 kg af matarafgöngum í ruslið. Markmiðið fyrir árið 2016 var að minnka matarafganga í mötuneytinu niður í 10 kg á dag. Það tókst og gott betur en nú fara að meðaltali 8 kg af matarafgöngum í ruslið. Það má enn gera betur og mun þessi vinna halda áfram á komandi ári.

Við vinnum öll saman að því markmiði að minnka sorp og gera starfsemi Ölgerðarinnar sjálfbærari. Sóley er ein af starfsmönnum Ölgerðarinnar sem tekur virkan þátt í því að gera Ölgerðina að


sjálfbærum vinnustað. Á hverjum degi tekur hún heim með sér afskurð af grænmeti úr eldhúsinu og gefur hænunum sínum. Á heilu ári eru þetta um 1300 kg eða sem nemur þyngd 770 hæna.

ELDSNEYTISNOTKUN


Ölgerðin hefur verið í miklum vexti undanfarin ár og þurft að auka akstur samfara því. Bílaeldsneyti minnkaði frá því sem var árið 2015 þrátt fyrir aukin umsvif hjá fyrirtækinu. Ölgerðin leggur mikið upp úr því að bæði dreifingar- og söluleiðir séu vel skipulagðar og reglulega endurmetnar. Dreifikerfi fyrirtækisins er skoðað með því sjónarmiði að fækka eknum kílómetrum með tilsvarendi sparnaði á eldsneyti án þess að minnka þjónustu við viðskiptavinum.

Þegar skipt er út bílum í bílafloata Ölgerðarinnar er ávallt haft það að leiðarljósi að velja umhverfisvænni og eyðsluminni bíl ef starfið og þörfin er sú sama. Þannig er leitast eftir því að minnka umfang kolefnisspors frá bílafloatanum. Kolefnisspor frá bílafloata Ölgerðarinnar hefur minnkaði um 10% milli ára.

Eldsneytisnotkun



Orka fyrir gufukatla



ORKUNOTKUN GUFUKATLA Í FRAMLEIÐSLU

Pungamiðja í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar eru gufukatlarnir. Þeir eru tveir og gengur annar fyrir rafmagn og hinn fyrir olíu. Á síðasta ári voru gufukatlarnir keyrðir meira á olíu og minna á rafmagn heldur en árið áður. Slík þróun er grátleg en skýringin er sú að rafmagnsketillinn réð ekki við sveiflur í álagi framleiðslunnar og því hefur olíuketillinn verið í forgangi í keyrslu. Þá þarf að taka mið af kostnaði við kaup á olíu m.v. kaup á rafmagn en heimsmarkaðsverð á olíu hefur farið lækandi en rafmagnsverð hækkandi.


Á næsta ári verður farið í það að skoða uppsetningu á iðntölvu sem getur gert okkur kleift að setja annan orkugjafan í forgang út frá gefnum forsendum.

Mikilvægt er að starfsmenn séu meðvitaðir um rekstrar- og umhverfisáhrif orkunotkunar gufukatla í framleiðslu og fylgist með verðþróun á olíu og rafmagn. Með uppsetningu iðntölvu verður möguleiki á að setja annan gufuketilinn í forgang út frá hagstæðari kosti hverju sinni. Ölgerðin mun einnig taka tillit til umhverfisáhrifa við endurnýjun á gufukötum í framtíðinni.

VATNSNOTKUN

Vatnsnotkun Ölgerðarinnar jókst um 2,4% milli ára en vatn er mest notað í vörunar okkar ásamt því að vera notað bæði í framleiðsluferlinu og við þríf. Ef notkunin er skoðuð á hvern framleiddan lítra sést 2% hlutfallsleg aukning milli ára. Hér er hægt að gera betur og farið verður í að skoða hvaða leiðir hægt er að fara til að minnka vatnsnotkun á hvern framleiddan lítra.

Vatnsnotkun á hvern framleiddan lítra



2014	2015	2016
5,4 lítrar	5,2 lítrar	5,3 lítrar

ÚRGANGUR

Sorp

Heildar sorpmagn jókst um 9% milli ára. Hægt er að útskýra hluta af þessu með auknum umsvifum en hér getur fyrirtækið gert betur. Hlutfall flokkaðs sorps af heildarsorpi var 58%. Markmiðið er að gera betur og auka þetta hlutfall. Allt hrat sem fellur til við suðu á malti og byggi hjá Ölgerðinni er endurnýtt sem svínafóður. Ef það magn er tekið með í útreikningum á hlutfalli flokkaðs sorps af heildarsorpi þá er hlutfallið 78%.


Endurvinnsla á bylgjupappa

Ölgerðin rekur stórt vöruhús og framleiðslu þar sem mikið fellur til af bylgjupappa. Vinna hefur farið fram við að flokka þann pappa frá öðru sorpi til endurvinnslu og hefur flokkun aukist milli ára. Endurvinnsla á bylgjupappa jókst um 8 tonn frá árinu áður eða um 5%. Sú aukning er ofan á 33% aukningu árinu áður og 66% aukningu þar á undan.

Pappírslaus viðskipti

Ölgerðin hefur pappírslaus viðskipti að leiðarljósi. Fyrirtækið tók upp prentlausn sem heitir Rent a Prent sem hefur minnkað prentaðan pappír talsvert. Starfsmannamöppur eru í auknum mæli á rafrænu formi og er stefnan að þær verði pappírslausar. Eitt af umbótarverkefnum fjármálasviðs hefur verið að koma viðskiptavinum í pappírslaus viðskipti með þeim hætti að reikningar komi rafrænt í stað þess að koma á prenti. Fjármálasvið hefur einnig haft samband við birgja til að fá senda rafræna reikninga. Þessi vinna mun halda áfram á næstu árum.

Flokkaður bylgjupappi



LOFTSLAGSMARKMIÐ TIL 2030

Ölgerðin tekur þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Ölgerðin ætlar að leita allra leiða til að minnka mengun frá eigin starfsemi og leitast þannig við að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála.


Til að fylgja eftir stuðningi við markmið Íslendinga í umhverfismálum undirritaði Ölgerðin yfirlýsingu um loftslagsmál þann 16. nóvember 2015 í Höfða. Ölgerðin ber virðingu fyrir umhverfi sínu og leitast við að lágmarka skaðsemi rekstrarins á náttúruna.

Þegar eru nokkur sjálfbær verkefni í gangi og má þar nefna að allt hrat sem fellur til við suðu á malti og byggi hjá Ölgerðinni er notað sem svinafóður. Einnig er kolsýran, sem færir annars út í andrúmsloftið, nýtt í framleiðslu. Önnur umhverfisvæn verkefni eru að varmi sem myndast við gerjun bjórs er notaður til að bræða snjó af bílaplani og lagt hefur verið áhersla á að fækka eignum kílómetrum í vörudreifingu.

Markmið loftslagsverkefnisins er eftirfarandi:

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem hlutfall af framleiðslu
2. Minnka myndun úrgangs sem hlutfall af framleiðslu
3. Auka sjálfbærni í ferlum fyrirtækisins
4. Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta

Losun gróðurhúsalofttegunda



Markmið fyrirtækisins er að ná niður vistspori þess en slíkt verður gert með markvissum aðgerðum í umhverfismálum. Á síðasta ári hefur farið fram vinna við að innleiða umhverfishugbúnað og þróa aðferðir til að mæla umhverfisáhrif vegna starfsemi fyrirtækisins. Aðferðafræðin sem fyrirtækið notar til að skilgreina eigin virðiskeðju og mengunarþætti hennar byggir á „Greenhouse Gas Protocol“. Þetta er stöðluð aðferðafræði sem fyrirtæki hafa tileinkað sér með góðum árangri og er studd af vinnuhópi Festu.

Mælikvarðar fyrir umfangi 1 og 2 eru langt komnir og ættu að verða tilbúnir í byrjun næsta árs. Fyrir umfang 3 er kominn upp mælikvarði á losun vegna úrgangs en vinna við að setja upp fleiri mælikvarða mun fara fram á næsta ári. Áhersla verður lögð á að klára uppsetningu umhverfismælikvarða til að fá heildar mynd á losun kolefnis frá Ölgerðinni. Þannig verður hægt að fara í heildstæðar aðgerðir til að minnka kolefnisspor frá starfsemi. Samferða því verður haldið áfram að vinna að verkefnum sem geta minnkað umhverfisáhrif.

MARKMIÐ 2017

- 1 Skoða samning við skógrækt.
- 2 Fjölga fjölnota umbúðum í innri starfsemi fyrirtækisins
- 3 Minnka kolefnisspor frá Ölgerðinni um 2%
- 4 Minnka pappírsmál um 50%
- 5 Auka flokkað sorp af heildinni upp í 65%

LOKAORÐ


Í þessari skýrslu hafa verið teknar saman tölur og staðreyndir um niðurstöður aðgerða sem varða samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar. Verkefni er snerta samfélagsábyrgð eru fyrirtækinu mikilvæg. Alltaf er leitast við að lágmarka notkun auðlinda, hvort sem það er með vinnuferlum, orkunýtingu, vatnsnotkun, meðferð úrgangs, eða annarra auðlinda. Slíkt er til hagsbóta fyrir reksturinn, umhverfið og samfélagið.

Ölgerðin tekur þátt í verkefnum sem geta stuðlað að betri samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Fyrirtækið er þátttakandi í Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna er tekur fyrir umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindi og spillingu. Þá tekur Ölgerðin þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030.

Þessi skýrsla er hluti af samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar þar sem farið er yfir árangur og markmið fyrir næsta ár birt. Í framhaldið er farið í vinnu að aðgerðaráætlun og virkjun starfsmanna. Ölgerðin ætlar að leita allra leiða til að minnka mengun frá eigin starfsemi og leitast þannig við að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála og samfélagsábyrgðar.



SKIPURIT ÖLGERÐARINNAR





2017